

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012,  
efnistökusvæði í landi Eyvindartungu, Bláskógabyggð.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 22. desember 2011 breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 3. nóvember 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 1. desember 2011.

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir efnistökusvæði við Lyngdalsheiðarveg í landi Eyvindartungu í stað landbúnaðarsvæðis. Felld eru niður efnistökusvæði nr. 3, 5, 6, 7, 14 og 15 í tengslum við framkvæmdalok Lyngdalsheiðarvegur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 22. desember 2011.*

**Stefán Thors.**

\_\_\_\_\_  
*Erna Hrönn Geirsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2012